



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

22. mars 2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um ársreikninga, 480. mál.

Með frumvarpinu er leidd í lög reglugerð (EB) nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Samtök atvinnulífsins lýsa almennri ánægju með frumvarpið en vilja gera athugasemd við þann þátt frumvarpsins sem lýtur að eftirlitsþætti laganna. Samtökin komu sjónarmiðum um eftirlitsþáttinn á framfæri við fjármálaráðuneytið á undirbúningsstigi í sameiginlegu bréfi með SBV, dags. 13. ágúst 2004, og fylgir það með umsögn þessari. Því miður ber frumvarpið þess merki að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða atvinnulífsins varðandi eftirlitsþáttinn.


Samkvæmt 51. gr. g-lið skal Fjármálaeftirlitið hafa eftirlit með því að félög, sem heyra undir eftirlit þess og skytt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum beiti stöðlunum á réttan hátt. Öll önnur félög, sem skytt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skulu lúta eftirliti stofnunar að nafni Ársreikningaskrá.

Eftirlitskerfið er með öðrum orðum tvöfalt, þ.e. á tveimur stöðum og með tvöföldum kostnaði. Þetta er slæm niðurstaða. Í fyrsta lagi skapar eftirlit á tveimur stöðum þá hættu að ósamræmi verði í framkvæmd eftirlitsins og í öðru lagi er verið að leggja í óþarfa tilkostnað. Þekking á málaflokknum er þegar til staðar í Fjármálaeftirlitinu og því hagkvæmur kostur að fella allt eftirlit undir þá stofnun.

Í 51. gr. h-lið er fjallað um eftirlitsgjöld. Í 4. mgr. 2. tölulið segir að eftirlitsgjald dótturfélaga innan samstæðu skuli vera 150.000 með hverju félagi. Þetta má ekki standa óbreytt því samstæða getur hæglega haft tugi eða jafnvel hundruði dótturfélaga innan sinna vébanda og gæti þessi kostnaður því haft áhrif á það hvernig félög skipuleggja rekstur sinn.

SA telja framangreind ákvæði skaðleg fyrir samkeppnishæfni atvinnulífsins og óska þess að Alþingi færi þau til betri vegar. Um önnur atriði vísast til umsagnar Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, dags. 21. mars 2005.

Virðingarfyllst,


Hannes G. Sigurðsson